



VILJAYFIRLÝSING

Kópavogsbær, kt. 700169-3759, annars vegar og Lionsklúbbur Kópavogs, kt. 670476-0659, hins vegar, gera með sér svohljóðandi viljayfirlýsingu um samstarf vegna endurbóta á véla- og verkfærageymslu á lóðinni nr. 14 við Kópavogstún.

Markmið yfirlýsingar þessarar er að kveða á um samstarf aðila um endurbætur og viðhald á 221,9 fermetra véla- og verkfærahúsnæði að Kópavogstúni 14 í Kópavogi, sem í daglegu tali er nefnd Hlaðan (hér eftir nefnt „Hlaðan“).

Um er að ræða nauðsynlegar endurbætur og viðhald á Hlöðunni, bæði að innan og utan. Í meginatriðum er um að ræða allt viðhald innanhúss, svo sem endurnýjun innréttinga, viðhald á lagnabúnaði og léttra innveggja. Einnig er um að ræða viðhaldsframkvæmdir að utan, s.s. endurnýjun þakklæðningar, þakkanta, veggklæðninga og glugga.

Endanlegt umfang framkvæmda hefur ekki verið fullmótað við undirritun viljayfirlýsingar þessarar og skal það nánar skilgreint síðar í samráði aðila.

Lionsklúbburinn mun annast framkvæmdirnar sem og sækja um byggingarleyfi ef við á, svo sem komi til breytinga á burðarvirki eða útlitsbreytingar, skrá byggingarstjóra og viðeigandi iðnmeistara í samræmi við lög og reglur þar að lútandi. Kópavogsbær skuldbindur sig á móti til að veita nauðsynlega samvinnu og ráðgjöf eftir því sem við á.

Tímamörk framkvæmda skulu ákveðin síðar í samráði milli aðila og staðfest með skriflegum hætti, eftir að umfang verkefnis hefur verið skilgreint nánar.

Allar endurbætur sem gerðar verða á Hlöðunni verða eign Kópavogsbæjar, nema sérstaklega sé samið um annað. Viljayfirlýsing þessi tekur gildi við undirritun hennar með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar Kópavogs.

Yfirlýsing þessi er gerð í tveimur samhljóða eintökum, eitt fyrir hvorn aðila.

Kópavogi, dags. 2026.

F.h. Kópavogsbæjar

F.h. Lionsklúbbs Kópavogsbæjar
